
26. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 6. febrúar 2015 kl. 8:10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Staða þróunarverkefna
2. Búnaður skólans
3. Heimasíða skólans, miðlun upplýsinga til foreldra
4. Skóladagatal 2015-2016
5. Frá foreldrafélaginu
6. Frá nemendaráði
7. Önnur mál

1. Staða þróunarverkefna.

Skólastjóri fór yfir stöðu þróunarverkefna sem eru í gangi í Lækjarskóla.

- First Lego
- Enskumentorar
- Nýbúaverkefni
- Leið til læsis
- Comeniusarverkefni. Til gamans má geta þess að nemendur ásamt kennurum eru í Noregi vegna Comeniusarverkefnis þar sem unnið er með sögu þjóða í þeim löndum sem taka þátt í þessu verkefni.

2. Búnaður skólans.

Verið er að skjávarpavæða skólann sem bætir mjög mikið aðstöðu til kennslu. Umræða var um iPada sem kennslutæki og nauðsyn þeirra.

3. Heimasíða skólans, miðlun upplýsinga til foreldra.

Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast skýrslur og upplýsingar um skólann.

4. Skóladagatal 2015-2016.

Lögð voru fram fyrstu drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2015-2016.

5. Frá foreldrafélaginu.

Ekki tekið fyrir

6. Frá nemendaráði.

Gizmo var haldið sem tókst mjög vel. Árshátíð er framundan.

7. Önnur mál.

- Eftirfarandi áætlanir voru lagðar fyrir skólaráð til samþykktar:
 - Símenntunar- og skólaþróunaráætlun Lækjarskóla 2014-2015
 - Umsókn um símenntunarstyrk úr símenntunarsjóði Hafnarfjarðarbæjar
 - Mats-, þróunar- og umbótaáætlun Lækjarskóla 2014-2015
 - Mats-, þróunar- og umbótaáætlun Lækjarskóla 2014-2015 (úrdráttur til skólaskrifstofu Hafnarfjarðar)
 - Jafnréttisáætlun Lækjarskóla 2014-2015

Skólaráð samþykkir framlagðar áætlanir án athugasemda.

- Eins og í öðrum skólum Hafnarfjarðar er búið að opna fyrir Wi-Fi fyrir starfsmenn og einnig verður það opnað fljótlega fyrir nemendur.
- Rætt um fyrirkomulag matar hjá nemendum.

- Tveir fulltrúar frá Háskólanum sátu fundinn, en þeir eru að kynna sér starfsemi Lækjarskóla og þá sérstaklega fjölgreinadeild.
- Fyrirhugað er að í nokkrar vikur í vor komi í skólann meistaranemar af uppeldis- og menntavísindasviði Háskóla Íslands til æfingarkennslu o.fl.
- Stóra upplestrarkeppnin er framundan.

Fundi slitið kl. 9:30

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Guðmundur Már Jónasson, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda

Ylfa Oddbjörg Arnarsdóttir, varaformaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara

Helgi Sigurður Karlsson, fulltrúi kennara

Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Að auki voru tveir nemar úr Háskóla Íslands

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir